

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í hönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.***L Ö G****um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

2. gr.

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitar- sjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*